

Mál nr. 425/2011

M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar veitingahúss.

**Kona slasaðist er borð í veitingatjaldi féll á fót hennar á menningarnótt þann
22.8.2011.**

Gögn.

164. Málskot, móttekið 13.10.2011, ásamt fylgigögnum.

165. Bréf X, dags 27.10.2011, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

M var stödd í veitingatjaldi sem slegið hafði verið upp á gangstétt fyrir utan veitingastaðinn V í Reykjavík á menningarnótt, en farið var að taka saman í tjaldinu. M stóð í öðrum enda tjaldsins við „hátt og þykkt barborð á mjóum fótum.“ Töluvert rok var og slóst laus tjalddúkur til. Vildi þá ekki betur til en dúkurinn slóst í barborðið með þeim afleiðingum að það valt á vinstri fót M svo hún ristarbrotnaði.

Kveður M að slysið megi rekja til ófullnægjandi frágangs tjalddúksins sem V beri ábyrgð á. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Umræddu tjaldi var komið upp um stundarsakir til að sinna viðskiptavinum V á menningarnótt. Af gögnum málsins má ráða að notkun tjaldsins hafi í þann mund verið að ljúka er slysið varð. Óljósar upplýsingar liggja fyrir um tildrög slyssins að öðru leyti en því að tjalddúkur mun að sögn M hafa slegist utan í barborðið sem hún stóð við þannig að það valt um koll. Ekki hefur verið sýnt fram á með gögnum málsins að slysið verði rakið til þess að frágangur tjaldsins hafi verið ófullnægjandi af hálfu V eða það verði með öðrum hætti rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 16. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.